

**Nd.**

**250. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

7. gr. frumv. orðist svo:

Víxlar, allar ávisanir, nema tjekkar, og skuldabréf, sem eigi á að þinglesa, stimplast eftir upphæð þeirra eins og hjer segir, þegar verðbréf þessi eru seld bönkum eða öðrum lánsstofnunum eða send þeim til samþyktar eða innheimtu:

200 kr. eða minna með 10 au.	
200— 400 kr.	— 20 —
400— 600 —	— 30 —
600 — 800 —	— 40 —
800—1000 —	— 50 —

Sje upphæðin hærri, skal stimpla skjöl þessi með 50 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Framlengdur víxill telst nýr víxill.

Nú hljóðar víxill eða ávisun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir gangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

Stofnanir þær, sem nefndar eru í þessari grein, annast innheimtu stimpilgjaldsins og afgreiðslu þess til landssjóðs samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur.